


LAXÁ Í REFASVEIT 1987

Tumi Tómasson

Hólum, apríl 1988

VMST-N/88009X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Í REFASVEIT 1987

INNGANGUR

Dagana 10. og 11. ágúst 1987 voru seiðastofnar Laxár í Refasveit kannaðir með rafveiðum. Slíkar athuganir hafa verið gerðar árlega frá árinu 1983, einkum til að kanna útbreiðslu og afkomu náttúrulegra laxaseiða og sleppiseiði.

Að þessu sinni var alls veitt á sautján stöðum, þar af voru fimm staðir sem ekki hefur verið veitt á áður. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1). Fyrr um sumarið hafði verið sleppt 4000 laxaseiðum af stofni árinna á eftirtalda staði á ánni:

| | |
|--------------------------------|------|
| Á milli Sneis og Vesturár | 1000 |
| Í Núpshólana | 1000 |
| Í Norðurá fyrir framan Þverá | 1000 |
| Í Norðurá fyrir neðan Neðstabæ | 1000 |

Alls bárust 21 hreistursýni af lögum veiddum sumrin 1986 og 1987 í Laxá.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Mynd 2. Sleppingin frá því fyrr um sumarið kom vel út, en var ekki athuguð fremst í Laxá, fyrir framan Sneis. Ástand náttúrulegra seiðastofna fer batnandi og landnám laxins þokast áfram. Sleppiseiðin frá 1987 fundust ekki á hefðbundnum veiðistöðum neðst á Norðurá (stöðum 16 og 17). Þá var leitað ofar, og við veiðar tæpan 1 km fyrir ofan stað 16 fundust seiðin úr sleppingunni, og jafnframt náttúruleg seiði úr hrygningu 1985 og 1986. Þetta er í fyrsta sinni að hrygning lax í Norðurá hefur verið staðfest.

Uppeldisskilyrði eru góð frá því um 500 m fyrir neðan Neðstabæ og fara batnandi allt niður að ármótum. Hinsvegar eru hrygningarskilyrði ekki góð á neðsta kaflanum og skýrir það þessa útkomu.

Í Laxá viðist hrygning fyrir framan ármótin við Norðurá hafa fyrst orðið 1984 (seiðin 2+ 1987), en þó þar finnst vottur af 0+ og 1+ seiðum virðist einungis hafa verið um mjög takmarkaða hrygningu þar að ræða síðan. Lax virðist aldrei hafa hrygnt fyrir framan Balaskarósána. Í Núpshólunum eru uppeiddisskilyrði góð og sleppingar takast þar oftast vel.

Rafveitt var á 60 m kafla í Balaskarósánni, þar fengust þrjár bleikjur. Áin virðist köld og í henni rýr framleiðsluskilyrði. Sleppingar laxaseiða þar myndu ekki skila umtalsverðum árangri

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri á hverja 100 m í Laxá í Refasveit og Norðurá 10. og 11. ágúst 1987. Staðirnir eru merktir inná kort. (Mynd 1).

| Stöð | Stærð | Aldur laxaseiða | | | | | |
|------|-------|-----------------|------|-----|------|-----|------|
| | | 0+n | 0+ss | 1+n | 1+ss | 2+n | 2+ss |
| 4 | 36x10 | - | 2.5 | - | 3.9 | - | 0.3 |
| 5 | 35x11 | - | 7.5 | - | 2.9 | - | 1.6 |
| 5a | 50x8 | - | - | - | - | - | 0.3 |
| 5b | 35x12 | 0.7 | - | - | - | 2.4 | - |
| 6 | 48x10 | - | - | - | - | 2.1 | - |
| 7 | 35x10 | - | - | 1.4 | + | 3.4 | - |
| 8 | 35x15 | 5.7 | - | 0.2 | 2.5 | - | - |
| 9a | 60x6 | 1.7 | - | 2.8 | - | 2.5 | - |
| 9b | 30x10 | 6.3 | - | 0.7 | - | 0.7 | - |
| 12 | 20x30 | 2.3 | - | 7.8 | - | 0.3 | - |
| 14 | 60x8 | - | 4.0 | - | - | - | 0.6 |
| 15 | 30x12 | - | - | - | - | - | 0.8 |
| 15a | 70x8 | - | - | - | - | - | 0.5 |
| 15b | 50x15 | 1.3 | 0.3 | 1.1 | 1.6 | - | 0.9 |
| 16 | 30x15 | - | 0.4 | - | 1.6 | - | 0.2 |
| 17 | 26x15 | - | 0.3 | - | 6.2 | - | 0.3 |

Fyrir neðan ármót Norðurár er nú komin full nýting á uppeldisskilyrði úr náttúrulegu klaki. Þéttleiki seiða er ákjósanlegur og vöxtur góður. Niðurstöður aldursgreiningar hreisturs fylgja á sér blaði. Þessi greining er ekki óyggjandi, en svo virðist sem af 20 lögum megi velja 5 til smáseiðasleppinga. Þar eru flestir enn að skila sér úr sleppingunum 1982. Það má vel vera að fleiri laxar séu frá sleppingunum 1981 og 1982, en þessar sleppingar voru fremur þéttar, og það ásamt slæmu árferði orsakaði hægari vöxt og töluverð afföll. Það er erfitt að greina þennan lax frá laxi af náttúrulegum uppruna.


ÁLYKTANIR

Ástand seiðastofna í Laxá er nú gott, en nýliðun s.l. tvö ár fyrir framan Skrapatungu hefur verið lítil. Þarna eru þó víða þokkaleg uppeldisskilyrði, frá brúnni og 1.5 - 2 km þar fyrir ofan. Á þessu svæði eru nú seiði úr hrygningu 1984 og ætti stór hluti þeirra að halda til sjávar nú í sumar. Mér sýnist að bæta mætti nýtingu á þessu svæði með sleppingum smáseiða. Líklega væri mátulegt að sleppa þarna um 2000 seiðum, og dreifa þeim vel á brotin.

Í Núpshólana ætti tvímælalaust að halda áfram sleppingum. Þar mætti sleppa allt að 2000 seiðum. Þar fyrir framan tel ég að ekki borgi sig að sleppa seiðum í ár. Laxaseiði, hvort sem þau sér úr náttúrulegu klaki eða sleppingum, hafa tilhneigingu til að synda á móti straumi og dreifast því oftast upp frá upprunalegum stað í ánni. Í Norðurá eru bestu skilyrði til uppeldis neðst, en sleppingin

1987, og náttúruleg seiði úr hrygningu 1985 og 1986 munu einungis nýta þetta svæði að mjög litlu leiti. Seiðapéttleiki í Laxá neðan ármótanna er ekki það mikill að vanta megi að mikið af seiðum muni ganga upp í Norðurá þaðan. Til að nýta þetta svæði tel ég að æskilegt sé að sleppa þar seiðum nú í sumar, og væru 2000 seiði á neðsta 1 km líklega mátuleg slepping.

Eins og sjá má tel ég að smáseiðasleppingar séu enn mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu. Þetta breytist þó væntanlega þegar laxinn heldur áfram að nema nýtt land. Ég tel fulla nauðsyn til að halda áfram að fylgjast með seiðastofnum Laxár til að ræktunarstarfið geti áfram verið markvisst. Hrognagröftur kemur einnig til greina til að nýta vannýtt uppeldissvæði, en til stóð að reyna hann s.l. haust. Úr því varð þó ekki, en athugandi væri að skoða aftur möguleika á slíkri aðgerð í haust.



MYND 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Refasveit 10. - 11. ágúst 198


10. og 11. 8. 1987

Laxá í Refasveit

Blað 1

Lax

Földi



Lengd í cm

Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 10. - 11. ágúst 1987, eftir veiðistað.







10. og 11. 8. 1987

Laxá í Refasveit

Blað 2

Lax

Fjöldi



Lengd í cm

Mynd 2. frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: LAXA í REÐARVÆLT

Fisktegund: LAX

Sendandi: ÁRNI Á SÖLVAÐAKKA

Fjöldi sýna: 11 + 10

Veidiár: 1986 og 1987

| Númer | Veiddagur | Kyn | Lengd í cm. | Þyngd í kg. | Ár í ferskvatni | Ár í sjó | Athugasemdir |
|-------|-----------|-----|-------------|-------------|------------------|----------|-----------------|
| 1 | 20/6 86 | ♀ | 79 | 5.1 | 3 ^{SS} | 2 | KRUMMI |
| 2 | 21/6 86 | ♀ | 81 | 5.5 | 3 | 2 | KJÓÐARBRÓÐA |
| 3 | 24/6 86 | ♂ | 87 | 6.0 | 4 | 2 | FLÚÐIR |
| 4 | 25/6 86 | ♀ | 84 | 4.5 | 4 | 2 | GLUÐRABÚI |
| 5 | 13/7 86 | ♂ | 76 | 5.0 | 5 | 2 | RANI |
| 6 | 23/7 86 | ♀ | 81 | 7.0 | 4 | 2 | GARÐSHORN |
| 7 | 25/7 86 | ♂ | 59 | 3.0 | 5 | 1 | GRÖFURHYLUR |
| 8 | 26/7 86 | ♂ | 71 | 3.5 | 3 ^{SS} | 1 | GRÖFURHYLUR |
| 9 | 13/9 86 | ♂ | 67 | 3.0 | 3 | 1 | EFRI RANI |
| 10 | 13/9 86 | ♂ | 101 | 9.5 | 2 ^{SS} | 2 | FLANMUR |
| 11 | 13/9 86 | ♂ | 67 | 3.0 | 5 | 1 | EFRI RANI |
| 1 | 20/6 87 | ♀ | 82 | 5.3 | 4 | 2 | GARÐSHORN |
| 2 | 20/6 87 | ♂ | 90 | 5.6 | öngt hreistur | | GLUÐRABÚI |
| 3 | 28/7 87 | ♀ | 75 | 5.0 | 4 | 2 | HUSAKVÖRN |
| 4 | 28/7 87 | ♀ | 76 | 5.0 | 3 | 2 | NÁTTAGAHYLUR |
| 5 | 28/7 87 | ♂ | 88 | 6.5 | 3 ^{SS?} | 2 | HUSAKVÖRN |
| 6 | 28/7 87 | ♂ | 99 | 10.0 | 3 ^{SS} | 2 | GÖNGUMANNAHYLUR |
| 7 | 15/8 87 | ♂ | 63 | 4.0 | 3 | 1 | FLÚÐIR |
| 8 | " | ♂ | 63 | 3.5 | 3 | 1 | " |
| 9 | 16/8 87 | ♂ | 55 | 2.0 | 5 | 1 | " |
| 10 | 27/8 87 | | 62 | 2.5 | 4 | 1 | STALLUR |